



Fundargerð.

Stjórnarfundur nr. 113.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík, mánudaginn 4. desember kl. 16.00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Sveinn F. Úlfarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Snorri Finnlaugsson og Pétur Arason. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir stjórnarfundar nr. 112
2. Staða framkvæmda við stækkun hólfs
3. Umhverfismarkmið Norðurár bs
4. Kornþurrkunarverkefni
5. Tilboð ReSource í eftirlit með gasvinnslu
6. Ráðningarsamningur við Elvar B. Gíslason
7. Fjárfestingar í vélum og búnaði
8. Staða og horfur í rekstri
9. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerðir stjórnarfundar nr. 112

Fundargerð stjórnarfundar nr. 112, undirrituð og samþykkt formlega.

2. Staða framkvæmda við stækkun hólfs

Magnús gerði grein fyrir verkfundi frá 18. október sl. og minnisblaði sem Efla vann um uppbyggingu leirlaga í köntum gryfjunnar og þéttleika þeirra. Unnur Þorsteinsdóttir jarðfræðingur hjá Eflu var fengin í sýnatökur 14. nóvember sl. og vann í kjölfarið minnisblað sem liggur fyrir fundinum. Í minnisblaðinu kemur fram að svo virðist sem jarðlög séu mun lekari en upphaflega var talið og einnig minna um þéttan leir í þeim hluta hólfsins sem nú er verið að vinna að stækkun í, en í fyrri áföngum. Því má gera ráð fyrir að endurhanna þurfi dúklögnina að verulegu leyti á hliðum hólfsins og jafnvel á botni sömuleiðis. Þessu fylgir tilheyrandi kostnaðarauki, m.a. með kaupum á meiri jarðvegsdúk en upphaflega var gert ráð fyrir og allri þeirri vinnu sem dúklögninni fylgir.



Þar sem upphafleg tímaáætlun var þröng og nú er komið fram á vetur þar sem frost og snjóar geta spilt mjög fyrir framgangi verksins, og ekki síður því hvort það heppnist sem skyldi og gæði þess verði ásættanleg, er það tillaga Magnúsar B. J. og Atla G. A. að stjórn samþykki heimild til að semja við verktaka um að skilafrestur á þessum verkhluta verði í byrjun júní 2024 en ekki 15. desember 2023 eins og fyrirskrifað er í útboðsgögnum.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu um að skilafrestur á umræddum verkhluta verði færður fram í byrjun júní 2024 í stað 15. desember 2023.

3. Umhverfismarkmið Norðurár bs

Í starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn Stekkjarvík er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Í ljósi þessa hafa verið unnin drög að umhverfismarkmiðum Norðurár bs. og voru þau lögð fram til samþykktar.

Stjórn hefur kynnt sér fyrirbyggjandi umhverfismarkmið Norðurár bs og samþykkir þau.

4. Kornþurrkunarverkefni

Fyrir fundinum lá greinargerð Eiríks Loftssonar, jarðræktarráðunautar hjá RML, um kornrækt í Húnaþingi og Skagafirði vegna hugmyndar um uppsetningu kornþurrkunar í Stekkjarvík (sjá tillögu frá aðalfundi Norðurár bs. þann 27. mars 2023). Í greinargerðinni kemur fram að umfang kornræktar á svæðinu er líklega enn sem komið er ekki nógu mikið til þess að standa undir rekstri kornþurrkunarstöðvar. Auk þess er það korn sem nú er ræktað í Húnavatnssýslum og Skagafirði líkast til að öllu eða nær öllu leyti ætlað til skepnufóðurs og verkað með þeim hætti að það er sýrt en ekki þurrkað.

Stjórn þakkar Eiríki Loftssyni fyrir samantektina og ákveður í ljósi hennar að halda ekki áfram með kornþurrkunarverkefnið að sinni.

5. Tilboð ReSource í eftirlit með gasvinnslu

Magnús kynnti fyrir stjórn samræður við og tilboð frá ReSource í eftirlit með gasvinnslu og skráningu upplýsinga í Stekkjarvík í gegnum eLandfill, sem er stafrænn vettvangur fyrir rekstur urðunarstaða. Heildartilboð hljóðar uppá 1.290.000 ísk án vsk, innifalið í verðinu er grunnáskrift að eLandfill í 12 mánuði, gasáskrift í 12 mánuði og uppsetning mælitækja. Ferðakostnaður er ekki innifalinn



Í tilboðinu en er hinsvegar uppgefinn sem valkostur, samtals 132.884 kr. Að auki er tilboð í uppfærslu á loftmyndum af svæðinu en ReSource vann loftmyndir fyrir urðunarsvæðið í Stekkjarvík árið 2018.

ReSource sér um sambærilegar mælingar m.a. í Fíflholti urðunarstað Vesturlands og urðunarstað SORPU í Álfsnesi. Þær mælingar hafa verið kynntar fyrir Magnúsi og Elvari Bjarka.

Stjórn felur Magnúsi að vinna áfram að samningsgerð við ReSource út frá því tilboði sem var kynnt á fundinum.

6. Ráðningarsamningur við Elvar B. Gíslason

Lagður fram ótímabundinn ráðningarsamningur við Elvar B. Gíslason. Samningur þessi tekur við af tímabundnum samningi sem gildir 01.01.2023-31.12.2023 og er gildistími hins nýja ráðningarsamnings frá 01.01.2024.

Stjórn lýsir yfir ánægju með endurnýjun samningsins og felur Magnúsi að ganga frá ráðningarsamningnum við Elvar.

Elvar Bjarki vék af fundi undir þessum lið.

7. Fjárfestingar í vélum og búnaði

Elvar Bjarki fór yfir bilanatíðni á hjólaskóflu og þann tíma og kostnað sem hefur farið í viðgerðir á árinu og benti á að hún væri orðin nokkuð slitin fyrir þau verkefni sem hún er notuð í. Hjólaskófla nýtist í ýmis verk og er eitt mikilvægasta tækið hjá Norðurá. Hann fór yfir þau tilboð sem hann hefur aflað, annarsvegar í nýjar vélar og hins vegar notaðar.

Stjórn fór yfir tilboðin og tekur jákvætt í að fjárfesta í nýrri 22 tonna hjólaskóflu frekar en notaðri en frestar ákvörðun fram yfir áramót þegar fjárhagsstaða vegna framkvæmda verður orðin skýrari. Elvari falið að óska eftir nýju tilboði fyrir næsta fund.

8. Staða og horfur í rekstri

Elvar Bjarki Gíslason fór yfir stöðu og horfur í rekstri.

Vel hefur gengið að urða að undanförmu. Móttaka á sláturúrgangi gekk vel og varð þónokkur samdráttur í þeim úrgangi.



Alls hafa komið 21,8 þúsund tonn til urðunar það sem af er þessu ári, sem er sama magn og fyrir allt árið 2022. Sú aukning skýrist nær eingöngu út frá móttæknu magni í tveimur flokkum: timburkurl og niðurrif byggingarefna, og frá tveimur viðskiptaaðilum; Terra Akureyri og Akureyrarbær. Það er því fyrirsjáanleg aukning í urðun á sorpi á árinu 2023 miðað við 2022.

Elvar Bjarki fór yfir verkefni sem hann hefur unnið að frá síðasta fundi stjórnar, 19. september sl.

- Vinna að gasmálum og framtíðarhugmyndum.
- Vinna kringum tilboð frá ReSource (Elandfill).
- Umsýsla í kringum framkvæmdir við stækkun urðunarhólfs.
- Skoða möguleika á endurnýjun hjólaskóflu.
- Bæta lýsingu (færanlegur kastari) og öryggismál á svæðinu (vegstikur meðfram urðunarsvæði og sýnileikafatnaður).
- Eftirlit Umhverfisstofnunar
- Ásamt fleiri verkum

Framundan er að fylgja eftir þeim verkefnum sem eru í gangi og byrja á samantektum og skýrslum fyrir árið 2023.

Magnús fór yfir fjárhagsyfirlit fyrstu 10 mánuði ársins. Tekjurnar eru nokkuð hærri en áætlun fyrstu 10 mánaða gerði ráð fyrir sem skýrist vegna meiri urðunar en áætlað var. Gjaldaliðurinn laun og launatengd gjöld var hærri en áætlun gerði ráð fyrir vegna veikindaréttar og starfsloka verkstjóra. Vöru- og þjónustukaup eru aðeins undir áætlun.

Rekstrarniðurstaða fyrstu tíu mánuði sýnir 65 milljónir krónur í rekstrarafgang en áætlun gerði ráð fyrir 47 milljón króna jákvæðri niðurstöðu fyrir tímabilið.

Magnús gerði grein fyrir vinnufundum og verkefnum stjórnarformanns það sem af er árinu 2023. Stjórnarmenn sammála um að eðlilegt sé að greiða fyrir það vinnuframlag sem kynnt var á fundinum sem eru orðnir alls 20 vinnufundir. Sömuleiðis var farið yfir akstur stjórnarmanna í tengslum við stjórnarfundi og aðra vinnufundi.

9. Önnur mál

Pétur minnti á að stjórnarmenn óskuðu eftir því við Þórhall Bjarnason hjá TJ Consulting Engineers að koma á fundi með Wildfire Energy. Magnúsi falið að ræða það við Þórhall.

Fundi slitið kl 17.50